

SKÝRSLA
RÍKISENDURSKOÐUNAR
UM FRAMKVÆMD FJÁRLAGA
FRÁ 1. JANÚAR - 30. JÚNÍ 1990

ÁGÚST 1990

Inngangur.

Í lögum nr. 12/1986, 1. gr., er kveðið svo á um að Ríkisendur- skoðun skuli hafa eftirlit með framkvæmd fjárlaga. Skýrsla sú sem hér er lögð fram fjallar um framkvæmd fjárlaga fyrri hluta ársins 1990. Í henni er einnig lagt mat á afkomu A-hluta ríkissjóðs í árslok 1990. Þá er gerður samanburður á launakostnaði og fjölda starfsfólks hjá þeim stofnunum

A-hluta ríkissjóðs sem Launaskrifstofa ríkisins sér um afgreiðslu launa á fyrri hluta áráanna 1989 og 1990. Fjallað er sérstaklega um afkomu sjúkrastofnana í landinu á árinu 1989 og gerður samanburður á afkomu þeirra og þróun kostnaðar frá árinu 1988. Að lokum hefur stofnunin tekið saman yfirlit um stöðu útlána og framlaga í afskriftasjóði hjá ríkissjóði, ríkisviðskiptabönkum og opinberum sjóðum í árslok 1989.

Helstu niðurstöður.

Helstu niðurstöður er varða afkomu A-hluta ríkissjóðs fyrri helming ársins 1990 og horfur á afkomu í lok þessa árs eru:

Niðurstöður um afkomu ríkissjóðs fyrri helming ársins 1990 í samanburði við áætlun þessa árs eru:

*Rekstrarhalli A-hluta ríkissjóðs í júnílok er tæplega 2,0 milljörðum króna lægri en áætlun gerði ráð fyrir. Tekjur urðu 2,8 milljörðum króna hærri en áætlanir sögðu til um en gjöld aftur á móti um 800 milljónum króna hærri en áætlað var.

*Greiðsluafkoma A-hluta ríkissjóðs fyrri helming þessa árs er 3,8 milljörðum króna betri en áætlanir innan ársins gerðu ráð fyrir og veldur þar mestu að nettósala ríkisvixla varð umtalsvert hærri en áformað var.

*Fjárförf A-hluta ríkissjóðs hjá Seðlabanka Íslands innan ársins nam að meðaltali 4,6 milljörðum króna, sem er um 1,0 milljarði króna lægri fjárhæð en gert var ráð fyrir í upphaflegri áætlun.

Útlit er fyrir að verðlags- og launaforsendur fjárlaga, sem voru endurskoðaðar eftir gerð kjarasamninga í febrúar sl., standist og yrði það þá í fyrsta skipti í mörg ár sem forsendurnar þróuðust á þann veg sem ráð var fyrir gert í fjárlögum. Gert var ráð fyrir að meðalhækkun framfærslu-vísitölu milli áráanna 1989 og 1990 yrði um 15% og að hækkunin frá upphafi til loka ársins 1990 yrði um 7,5%. Nú áætlar Þjóðhagsstofnun að meðalhækkunin verði 14,5% og hækkunin innan ársins 7%. Miðað var við að innflutningsgengi myndi hækka um 12,5% milli áráanna en haldast óbreytt innan ársins og virðist sú spá ætla að standast. Áætlað var að dagvinnulaun myndu hækka um 8,5% milli áráanna og um 5,5% innan ársins, en nú stefnir í að hækkunin verði hálfu prósentustigi meiri. Þá var gert ráð fyrir að kaupmáttur dagvinnulauna myndi dragast saman um 5,5% milli áráanna og um 2% innan ársins. Nýjustu spár Þjóðhags-stofnunar hljóða upp á 6% samdrátt milli áráanna og 1% samdrátt innan ársins.

*Ríkisendurskoðun telur að að öllu óbreyttu stefni í tæplega 5,4 milljarða króna rekstrarhalla hjá A-hluta ríkissjóðs á árinu 1990. Rekstrarhallinn er nú áætlaður um 700 milljónum króna hærri en fjárlög ársins 1990 gerðu ráð fyrir, að teknu tilliti til síðari breytinga. Til útgjalda í ár eru talin með framlög til Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins að fjárhæð 1,6 milljarðar króna, sem eru að meginhluta til vegna yfirtöku skulda Verðjöfnunarsjóðs við Seðlabanka Íslands, sbr. lög nr. 39/1990, sem stofnað var til á árunum 1988 og 1989. Að teknu tilliti til þessa hefði

áætlaður rekstrarhalli A-hluta ríkissjóðs í ár orðið nánast sá sami og gert var ráð fyrir.

Helstu frávik frá núgildandi áætlunum eru:

*Heildartekjur A-hluta ríkissjóðs eru nú áætlaðar 92,5 milljarðar króna sem er hækkun um 3,6 milljarða króna eða 4,1%. Beinir skattar hækkuðu um rúmlega 1,5 milljarða króna, óbeinir skattar um 1,7 milljarða króna og vaxtatekjur um 400 milljónir króna.

*Heildargjöld A-hluta ríkissjóðs eru nú áætluð tæplega 97,9 milljarðar króna sem er hækkun um 4,4 milljarða króna. Hækkun gjalda má einkum rekja til framlaga til Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, útflutningsbóta, lífeyris- og sjúkratrygginga og vegamála.

Ríkisendurskoðun gerði sérstaka athugun á þróun starfsmannafjölda og launakostnaðar hjá A-hluta ríkissjóðs fyrri hluta þessa árs í samanburði við sama tímabil ársins 1989. Í þeirri athugun kom m.a. eftirfarandi fram:

*Reiknuðum störfum hjá A-hluta ríkissjóðs fjölgaði um 401 stöðugildi frá fyrri hluta ársins 1989 til sama tímabils í ár. Fjölgunin nemur 2,7%. Til samanburðar fjölgaði reiknuðum störfum um 131 stöðugildi eða 0,9% milli fyrri hluta árána 1988 og 1989.

*Í fjárlögum ársins 1990 var beint og óbeint gert ráð fyrir fjölgun starfsfólks um 490 stöðugildi, þar af voru um 250 í tengslum við breytingar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Til loka júní 1990 fjölgaði mánaðar- og dagvinnulaunafólki um 308 stöðugildi. Fjölgun mánaðar- og dagvinnufólks er því innan heimilda.

*Yfirvinna jókst um 93 stöðugildi milli fyrri hluta árána 1989 og 1990 eða sem nemur 3,8%. Til samanburðar dróst yfir- vinna saman um 6,5% milli fyrri hluta árána 1988 og 1989. Aukning yfirvinnu nú er þó innan þeirra marka sem gera hefði mátt ráð fyrir að fjölgun starfsfólks hefði í för með sér.

*Launakostnaður A-hluta ríkissjóðs hækkaði um 544 milljónir króna á föstu verðlagi eða um 5,4% frá fyrri hluta ársins 1989 til sama tímabils næsta árs. Hækkunin milli fyrri hluta árána 1988 og 1989 var 1,1%. Um helming hækkunarinnar má rekja til fjölgunar starfsmanna.

Í skýrslu þessari er ennfremur gerð sérstök grein fyrir afkomu sjúkrastofnana í landinu á árinu 1989, sem fá framlög úr ríkissjóði, en þar kemur fram m.a.:

- *Sjúkrastofnanir voru á árinu 1989 reknar með halla að fjárhæð 504 milljónir króna sem er 3,3% af tekjum. Á árinu 1988 voru sjúkrastofnanir reknar með halla að fjárhæð 596 milljónir króna sem var 4,5% af tekjum. Afkoma sjúkrastofnana á árinu 1989 hefur því batnað nokkuð frá árinu á undan.
- *Þróun útgjalda sjúkrastofnana sýnir að á föstu verðlagi hafa útgjöld lækkað að raungildi um rúmar 100 milljónir króna eða tæpt 1%. Raunlækkun gjalda hjá sjúkrastofnunum sem fá framlög beint á fjárlögum var um 1,5% en aftur á móti var raunhækkun gjalda hjá stofnunum sem fá framlög samkvæmt svonefndu daggjaldakerfi um 2,2%.
- *Sjúkrarúmum fjölgaði um 111 á árinu 1989 sem skiptist þannig að stofnanir á föstum fjárlögum hafa aukið legurými um 26 sjúkrarúm en þær sem fá framlög samkvæmt daggjaldakerfinu um 85. Áætla má að um helmingur aukins legurýmis sé vegna tilfærslu frá dvalarheimilisrými í hjúkrunarrými fyrir aldraða.
- *Greiðslustaða sjúkrastofnana hefur heldur batnað á árinu 1989 í samanburði við árið á undan. Hallinn var 503 milljónir króna árið 1988 en minnkaði í 479 milljónir króna árið 1989.

Ríkisendurskoðun athugaði einnig sérstaklega stöðu útlána og framlög í afskriftasjóði hjá ríkissjóði, ríkisviðskiptabönkum og opinberum sjóðum í árslok 1989. Helstu niðurstöður þeirrar athugunar eru:

- *Í árslok 1989 áttu ríkissjóður, ríkisviðskiptabankar og opinberir sjóðir útistandandi kröfur að fjárhæð 278.986 milljónir króna. Framlög þessara sömu aðila í afskriftareikninga útlána námu 5.513 milljónum króna eða 2,0% af útlánnum í árslok.
- *Eigið fé framangreindra banka og sjóða nam samtals 44.897 milljónum króna í árslok 1989.
- *Ábyrgðir utan efnahagsreiknings námu 7.136 milljónum króna og framlög í afskriftareikninga ábyrgða námu 69 milljónum króna eða tæplega 1% af ábyrgðum.

Fjárlög árið 1990, með síðari breytingum.

Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1990 var gerð grein fyrir markmiðum fjárlaga fyrir það ár og meginmarkmiðin sögð vera eftirfarandi:

- *Að ríkisbúskapurinn stuðli að óbreyttum viðskiptahalla, þrátt fyrir samdrátt útflutningstekna og minnkandi verðbólgu.
- *Að skattar, sem hlutfall af landsframleiðslu, verði óbreyttir sem felur í sér um 1,5% lækkun tekna ríkissjóðs að raungildi eða um 1,5 milljarð króna.
- *Að halli ríkissjóðs verði innan þeirra marka að hægt sé að fjármagna hann án þess að auka erlendar skuldir eða hækka vexti á innlendum lánsfjármarkaði.

Þá sagði að til þess að ná þessum markmiðum væri nauðsynlegt að skera ríkisútgjöld verulega niður, þ.e. um sem svarar rúm 4% eða 4,0 milljarða króna milli ára sem var meiri niðurskurður en dæmi voru um í langan tíma.

Við afgreiðslu Alþingis á frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1990 voru gerðar þær breytingar að rekstrarhalli ríkissjóðs var aukinn um 832 milljónir króna, en samkvæmt fjárlögum var hann áætlaður 3,7 milljarðar króna. Tekjur hækkuðu um 1,2 milljarða króna en gjöld aftur á móti um 2,0 milljarða króna. Hækkun veittra lána nettó til B-hluta fyrirtækja og sjóða nam 840 milljónum króna og þannig jókst fjárþörf ríkissjóðs um 1,6 milljarða króna. Til að mæta þessari fjárþörf var gert ráð fyrir að afla 625 milljóna króna innanlands og 1,0 milljarðs króna með erlendri lántöku.

Í maímánuði sl. voru samþykkt á Alþingi fjárukalög nr. 72/1990 fyrir árið 1990 í tengslum við kjarasamninga frá því í febrúarmánuði sl.

Í athugasemdum með fjárukalagafrumvarpinu segir m.a.:

"Kjarasamningarnir hafa með tvennum hætti áhrif á afkomu ríkissjóðs á þessu ári. Annars vegar féllst ríkisstjórnin á að leggja ákveðnar kvaðir á ríkissjóð í því skyni að greiða fyrir gerð kjara-samninganna. Hins vegar lækka bæði tekjur og gjöld ríkissjóðs frá fjárlagaáætlun vegna þess að launa- og verðlagshækkningar verða minni á

árinu en reiknað var með við afgreiðslu fjárlaga um síðustu áramót.

Í því augnamiði að greiða fyrir gerð kjarasamninganna ákvað ríkisstjórnin að beita sér fyrir aðgerðum sem fælust í hækkun útgjalda um 1.010 m.kr. og lækkun tekna um 300 m.kr. Til þess að koma í veg fyrir óheppileg áhrif aukins ríkissjóðshalla á efnahagslífið og til þess að standa undir auknum skuldbindingum er jafnframt lagt til við Alþingi að útgjöld verði lækkuð um 915 m.kr.

Fjárlög fyrir árið 1990 byggðust á þeim forsendum að verðlag hækkaði að meðaltali um 16-17% á milli áranna 1989 og 1990, verð á erlendum gjaldeyri um 13-14% og laun um 11%. Í forsendum nýgerðra kjarasamninga felast að jafnaði 2,0-3,5% minni breytingar þessara þátta milli ára. Af þessu leiðir að breytingar koma fram bæði á tekju- og gjaldahlið fjárlaganna. Þannig er áætlað að tekjur ríkissjóðs lækki um 2.300 m.kr. frá fjárlögum og útgjöld um allt að 2.050 m.kr.

Heildaráhrif þessara breytinga fela þannig í sér 645 m.kr. aukningu gjalda umfram tekjur. Nú eru því horfur á um 4,3 milljarða króna rekstrarhalla á ríkissjóði á þessu ári. Það svarar til um það bil 1,3% af landsframleiðslu."

Við afgreiðslu fjárukalagafrumvarpsins á Alþingi voru gerðar þær breytingar að útgjöld voru hækkuð um 202 milljónir króna. Til ríkisspítala gengu 147 milljónir króna, til niðurgreiðslu fóðurs í loðdýrarækt 25 milljónir króna og til Áburðarverksmiðjunnar rúmar 30 milljónir króna vegna niðurgreiðslu á áburðarverði.

Samþykkt fjárukalög leiddu til þeirra breytinga á fjárlögum 1990 að tekjur lækkuðu um 2,6 milljarða króna og gjöld um tæpan 1,8 milljarð króna og þannig jókst rekstrarhallinn um 847 milljónir króna. Áformað var að mæta aukinni fjárbörf ríkissjóðs vegna samþykktra fjárukalaga með innlendri lántöku að fjárhæð 850 milljónir króna.

Í júlímánuði 1990 greip ríkisstjórnin til aðgerða sem draga eiga úr hækkun framfærsluvísitölu í september frá því sem áætlað var. Gert er ráð fyrir að þær ráðstafanir kosti A-hluta ríkissjóðs um 350 milljónir króna í minni tekjum en af þeirri fjárhæð falla 100 milljónir króna til á árinu 1990. Ráðstafanir þessar fólu í sér endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna viðhalds íbúðarhúsnæðis, niðurfellingu skatts af bókum og frestun bensíngjaldshækkunar. Ennfremur var ákveðið af ríkisstjórninni að fresta fyrirhugaðri hækkun afnotagjalda hjá Póst- og símamálastofnuninni sem áætlað er að lækki tekjur stofnunarinnar á árinu 1990 um 200 milljónir króna en sú frestun hefur ekki áhrif á afkomu A-hluta ríkissjóðs. Loks var ákveðið að fresta hækkun afnotagjalds hjá Ríkisútvarpinu í októbermánuði sem lækkar tekjur stofnunarinnar um 10 milljónir króna á árinu 1990.

Þannig hafa aðgerðir Alþingis og ríkisstjórnar frá því að fjárlög fyrir árið 1990 voru samþykkt af Alþingi haft í för með sér að rekstrarhalli A-hluta ríkissjóðs hefur aukist um 1,0 milljarð króna.

og Fjárhæð m.kr. breytingar	Fjárlög		Fjárlög
	1990	Breytingar	
Tekjur	91.545	<2.700>	88.845
Gjöld	<u>95.232</u>	<u><1.753></u>	<u>93.479</u>
Gjöld umfram tekjur	3.687	947	4.634
Lánahreyfingar, út	<u>5.290</u>	<u>-</u>	<u>5.290</u>
Lánsfjárförf	8.977	947	9.924
Lántökur	<u>8.995</u>	<u>850</u>	<u>9.845</u>
Greiðslujöfnun	<u>18</u>	<u><97></u>	<u><79></u>

Greiðsluafkoma A-hluta ríkissjóðs til júníloka 1990.

Greiðsluafkoma A-hluta ríkissjóðs í júnílok var jákvæð um 831 milljón króna í samanburði við neikvæða greiðsluafkomu að fjárhæð 3,4 milljarðar króna á sama tímabili í fyrra. Greiðsluáætlanir ársins gerðu ráð fyrir að í júnílok væri greiðsluhalli að fjárhæð 3,0 milljarðar króna. Greiðsluafkoma fyrri helming ársins sýnir að greiðsluafkoman er betri um 3,8 milljarða króna en áætlunin innan ársins gerði ráð fyrir.

Við mat á greiðsluafkomu A-hluta ríkissjóðs í júnílok 1990, samanborið við síðasta ár, er eftirfarandi til skýringa. Allar fjárhæðir eru á verðlagi hvors árs.

- *Í fyrsta lagi, að rekstrarhalla ríkissjóðs í ár er um 1,6 milljörðum króna lægri en á sama tímabili fyrra árs. Rekstrarhalla, mældur sem hlutfall af tekjum, nemur í ár 6,3%, en var 9,8% á sama tímabili árið 1989. Í krónum talið hefur hallinn lækkað að raungildi um 2,0 milljarða króna. Til tekna er færð greiðslufrestun á virðisaukaskatti í tolli að fjárhæð 1,2 milljarður króna í lok júní 1990.
- *Í öðru lagi, að sala ríkisvixla breytir greiðsluafkomu ríkissjóðs í ár til hins betra um 4,1 milljarð króna. Í júnílok 1989 nam sala ríkissjóðs umfram innlausn á ríkisvixlum 1,8 milljörðum króna en í ár hefur sala umfram greidda ríkisvixla numið 5,9 milljörðum króna.
- *Í þriðja lagi, að breytingar á skammtímakröfum/skuldum sýna að útstreymi fjár úr ríkissjóði hefur aukist um rúmlega 2,3 milljarða króna. Í ár nema útgreiðslur umfram inngreiðslur 3,3 milljörðum króna í samanburði við tæplega 1,0 milljarð króna á sama tímabili síðasta árs.
- *Í fjórða lagi, að nettóinnstreymi annarra lánareikninga nemur 850 milljónum króna. Langtímalántökur, að frádregnum afborgunum þeirra, sýna að í ár hefur innstreymi fjár umfram útgreiðslur numið 2,0 milljörðum króna hærra fjárhæð en í júnílok 1989. Veitt lán, að frádreginni innheimtu, eru 950 milljónum króna hærra í ár. Hlutfjár- og stofnframlög sýna aukið útstreymi fjár úr ríkissjóði að fjárhæð tæpar 200 milljónir króna.

Helstu frávik frá greiðsluáætlun fjármálaráðuneytisins eru eftirfarandi:

- *Í fyrsta lagi er rekstrarhalli A-hluta ríkissjóðs tæplega 2,0 milljörðum króna lægri en áætlanir gerðu ráð fyrir. Tekjur urðu 2,8 milljörðum króna hærri en áformað var en aftur á móti urðu gjöld um 800 milljónum króna hærri en áætlað var.
- *Í öðru lagi sýna viðskiptareikningar aukið innstreymi fjár umfram ústreymi að fjárhæð 2,3 milljarðar króna. Gert var ráð fyrir að nettóústreymi viðskiptareikninga næmi 980 milljónum króna en varð í reynd 3,3 milljarðar króna.
- *Í þriðja lagi hefur sala ríkisvixla orðið umtalsverð meiri en gert var ráð fyrir. Áætlað var að nettósala ríkisvixla í júnílok 1990 væri tæplega 1,2 milljarðar króna en í reynd varð hún 6,1 milljarður króna eða 4,9 milljörðum króna hærri.
- *Í fjórða lagi höfðu veitt lán, að frádregnum afborgunum, orðið tæpum 900 milljónum króna hærri en áætlanir gerðu ráð fyrir.

Samningur ríkissjóðs og Seðlabanka Íslands um fjármagnsfyrir-greiðslu bankans gerði ráð fyrir að á fyrstu 6 mánuðum þessa árs væri meðalskuld ríkissjóðs á hlaupareikningi 5,6 milljarðar króna á mánuði. Reyndin varð sú að meðalskuldin varð 4,6 milljarðar króna eða 1,0 milljarði króna lægri fjárhæð. Á árinu 1989 varð fyrirgreiðsla bankans við ríkissjóð að meðaltali 6,8 milljarðar króna á sama tímabili. Minni fjármagnspörf ríkissjóðs hjá Seðlabanka Íslands má fyrst og fremst rekja til meiri sölu ríkisvixla en áformuð var.

Rekstrarafkoma A-hluta ríkissjóðs til júniloka 1990.

Rekstrarhalli A-hluta ríkissjóðs á greiðslugrunni var 1.627 milljónum króna lægri fyrstu sex mánuði ársins 1990 en á sama tímabili síðasta árs. Tekjur reyndust 44.253 milljónir króna en voru 34.433 milljónir króna fyrri hluta ársins 1989. Gjöld reyndust 47.049 milljónir króna en voru 38.856 milljónir króna árið áður. Meðalhækkun framfærsluvísitölu milli fyrri hluta áráanna 1990 og 1989 er rúmlega 20% og launavísitölu 13%. Gjöld hafa hækkað um 21,1%, þannig má ætla að raunhækkun gjalda frá fyrra ári sé um 1,3 milljarðar króna. Tekjur hafa hækkað um 28,5% frá fyrra ári og má áætla að tekjuhækkunin milli ára sé að raungildi um 3,3 milljarða króna. Þannig má áætla að rekstrarafkoman í ár í samanburði við síðasta ár sé um 2,0 milljörðum króna betri mæld á þennan veg.

Fjármál A-hluta ríkissjóðs janúar til júní 1990.

(Fjárhæðir m.kr.)	Reikningur		Áætlun		Frávik R.'90/Áætl.
	1990	1989	1990		
Tekjur	44.253	34.433	41.465		2.788
Gjöld	<u>47.049</u>	<u>38.856</u>	<u>46.225</u>		<u>824</u>
Gjöld umfram tekjur	2.796	4.423	4.760		<1.964>
Afborganir lána	5.393	2.490	3.153		2.240
Veitt lán/innheimt, nettó	1.196	240	321		875
Hlutfjár- og stofnframlög	106	<70>	105		1
Viðskiptareikningar	<u>3.313</u>	<u>962</u>	<u>980</u>		<u>2.333</u>
Lánsfjárbörf brúttó	12.804	8.045	9.319		3.485
Langtímalán	7.523	2.876	5.090		2.433
Ríkisvæðing, nettó	<u>6.112</u>	<u>1.807</u>	<u>1.190</u>		<u>4.922</u>
Greiðsluafkoma, jákvæð	<u>831</u>	<u><3.362></u>	<u><3.039></u>		<u>3.870</u>

Greiðsluáætlanir fjármálaráðuneytisins gerðu ráð fyrir að rekstrarhalli fyrri helming ársins 1990 yrði tæplega 4,8 milljarðar króna en hann varð í reynd tæpir 2,8 milljarðar króna sem er um 2,0 milljörðum króna lægri fjárhæð en áætlað var. Frávik hafa orðið bæði á tekju- og gjaldahlið. Tekjur urðu 2,8 milljörðum króna hærri en áætlanir gerðu ráð fyrir. Hækkun innheimtra beinna skatta umfram áætlanir nam tæpum 1,0 milljarði króna, óbeinna skatta rúmlega 1,7 milljörðum króna og vaxta- og arðgreiðslna 50 milljónum króna. Greidd gjöld urðu rúmlega 800 milljónum króna hærri en áætlanir gerðu ráð fyrir. Af hækkun gjalda umfram áætlanir má rekja um 625 milljónir króna til lífeyris- og sjúkratrygginga, 140 milljónir króna til Atvinnuleysistryggingasjóðs og tæpar 300 milljónir króna til ýmissa viðfangsefna hjá fjármálaráðuneytinu. Þá hafa greiðslur vegna niðurgreiðslna og vaxtagjalda orðið 300 milljónum króna lægri en áætlanir gerðu ráð fyrir.

Innheimtar tekjur A-hluta ríkissjóðs í júnílok 1990 námu 44.253 milljónum króna og hafa hækkað um 9.820 milljónir króna miðað við sama tímabil 1989, eða um 28,5%. Raunhækkun tekna að fjárhæð 3,3 milljarðar króna má einkum rekja til eftirfarandi teknaliða:

- *Beinna skatta um 1.800 milljónir króna, þar af nemur tekjuskattur um 1.200 milljónum króna.
- *Skatta af launagreiðslum um 800 milljónir króna, sem rekja má til aukinnar innheimtu á vanskilum í kjölfar upptöku virðisaukaskatts, breytingu á uppgjörstímabili og einnig virðist upptaka staðgreiðslukerfisins hafa áhrif á skil þessara skatta.
- *Virðisaukaskatts/söluskatts um 1.400 milljónir króna, þar af eru óinnheimtar um 1.200 milljónir króna vegna greiðslufrests í tolli.
- *Annarra skatta um 100 milljónir króna.

Hins vegar hafa innheimtar tekjur lækkað að raungildi vegna:

- *Tekna af sölu erlends gjaldeyris um 400 milljónir en lántökugjald vegna erlendra lána var fellt niður frá 1. júní 1989.
- *Skatta af framleiðslu (vörugjalds) um 350 milljónir króna, en í tengslum við kjarasamninga vorið 1989 voru gerðar umtalsverðar breytingar á þessum tekjustofni.
- *Hagnað af sölu Á.T.V.R. um 100 milljónir króna.

Greiðsluáætlanir innan ársins gerðu ráð fyrir að innheimtar tekjur ríkissjóðs

fyrri helming þessa árs yrðu 41.465 milljónir króna. Hins vegar reyndust þær 44.253 milljónir króna sem er 2.788 milljón króna hærri fjárhæð eða um 6,7%. Helstu frávik eru:

- *Innheimta beinna skatta er um 11,5% hærri en áætlanir gerðu ráð fyrir, en það svarar til 996 milljóna króna. Frávikin eru hlutfallslega mest í eignarsköttum einstaklinga, m.a. vegna hlutfallslega hærri fyrirframgreiðsluskyldu og tekjuskatts félaga.
- *Innheimta launaskatts og tengdra gjalda varð um 20% umfram áætlanir eða 603 milljónir króna, sem rekja má m.a. til aukinnar innheimtu á vanskilum í kjölfar endurgreiðslna í virðisaukaskattskerfinu.
- *Innheimta virðisaukaskatts varð 5,0% hærri en áætlunin gerði ráð fyrir eða 838 milljónir króna.
- *Fjármagnstekjur urðu 25% hærri en áætlað var eða 404 milljónir króna. Ástæður þessa má m.a. rekja til herra vaxtastigs en gert var ráð fyrir í áætlunum.
- *Skattar af framleiðslu urðu 15,9% hærri en áætlanir gerðu ráð fyrir eða 152 milljónir króna.
- *Arðgreiðslur urðu 37,1% lægri en áætlað var eða 355 milljónir króna. Skil Pósts og síma urðu 160 milljónum króna lægri en áætlað var, skil Fríhafnar 87 milljónum króna lægri og aðrar arðgreiðslur 124 milljónum króna lægri en áætlað var.

Greidd gjöld A-hluta ríkissjóðs til júníloka 1990 voru 47.049 milljónir króna sem eru 8.193 milljónum króna hærri gjöld en á sama tímabili fyrra árs eða hækkun um 21,1%. Hækkun gjaldaliða umfram almennar verðlags- og launahækkunir nemur 1,3 milljörðum króna og má einkum rekja hana til eftirfarandi útgjaldaflokka:

*Greiðslur vegna lífeyris- og sjúkratrygginga um 900 milljónir króna.

*Niðurgreiðslur á vöruverði um rúmar 400 milljónir króna.

*Launakostnaður um 400 milljónir króna.

*Fjármagnskostnað innanlands um tæpar 300 milljónir króna.

Hins vegar hafa greidd gjöld lækkað að raungildi vegna:

*Uppbóta á lífeyri að fjárhæð 600 milljónir króna.

*Útflutningsbóta á landbúnaðarvörur tæpar 100 milljónir króna.

Greiðsluáætlanir innan ársins gerðu ráð fyrir að greidd gjöld næmu 46.225 milljónum króna fyrri árshelming þessa árs. Gjöld urðu hins vegar 824 milljónum króna hærri en áætlunin áformaði og nam hækkunin 1,8%.

Helstu frávik frá greiðsluáætlun eru eftirfarandi:

Menntamálaráðuneytið.

Greiðsluheimildir nema 7.174,3 milljónum króna en greiðslur urðu aftur á móti 7.270,6 milljónir króna og hafa greiðslur orðið 96,3 milljónum króna hærri en heimildir. Helstu frávik eru vegna Lánasjóðs íslenskra námsmanna 82,8 milljónir króna og Endurbótasjóðs menningar-stofnunar 25,8 milljónir króna.

Landbúnaðarráðuneytið.

Greiðsluheimildir nema 1.890,2 milljónum króna en greiðslur urðu aftur á móti 1.972,2 milljónir króna og hafa því greiðslur orðið 82,0 milljónum króna hærri en heimildir. Helstu frávik eru vegna uppbóta á útfluttar landbúnaðarafurðir 89,3 milljónir króna og vegna framlaga til jarð- og búfjárræktar 33,3 milljónir króna.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið.

Greiðsluheimildir nema 18.197,0 milljónum króna en greiðslur urðu 19.006,9

milljónir króna og hafa því greiðslur orðið 809,9 milljónum króna hærri en áætlanir gerðu ráð fyrir. Umframgreiðslur vegna lífeyris- og sjúkratrygginga eru 624 milljónir króna, sem að stærstum hluta er vegna greiðslu sjóðsskuldar lífeyris- og sjúkratrygginga við vörslusjóði Tryggingastofnunar. Þá hafa greiðslur til Atvinnuleysisstryggingasjóðs orðið 140,5 milljónum króna hærri en heimildir.

Fjármálaráðuneytið.

Greiðsluheimildir nema 1.577,5 milljónum króna en greiðslur urðu aftur á móti 1.858,8 milljónir króna og hafa því greiðslur orðið 281,3 milljónum króna hærri en heimildir. Helstu frávík eru vegna ýmissa fasteigna ríkisins 104,0 milljónir króna, en lántökur til fasteignakaupa eru færðar til gjalda umfram greiðslur, uppbóta á lífeyri 71,5 milljónir króna og vegna ýmissa útgjalda skattkerfisins 56,9 milljónir króna.

Viðskiptaráðuneytið.

Greiðsluheimildir nema 2.913,2 milljónum króna en greiðslur urðu 2.790,0 milljónir króna sem er 123,2 milljónum króna lægri en heimildir. Greiðslur vegna niðurgreiðslna á vöruverði hafa í júniflok orðið 122,0 milljónum króna lægri en áformað var.

Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Greiðsluheimildir nema 5.059,8 milljónum króna en greiðslur urðu aftur á móti 4.874,7 milljónir króna sem er 185,1 milljón króna lægri fjárhæð. Greiðslur vegna vaxtagjalda hafa orðið 167,8 milljónum króna lægri en heimildir segja til um.

Staða lána- og viðskiptareikninga.

Nettóstaða lána- og viðskiptareikninga í lok júnímánaðar 1990 sýnir innstreymi fjár umfram ústreymi að fjárhæð 3.627 milljónir króna í samanburði við 1.061 milljón króna á árinu 1989. Áætlanir ársins gerðu ráð fyrir að innstreymi fjár umfram ústreymi næmi 1.721 milljón króna og þannig hafa breytingar á þessum reikningsflokki bætt greiðslustöðu ríkissjóðs, miðað við áætlun innan ársins, um 1.906 milljónir króna.

Lántökuáætlanir gerðu ráð fyrir að heildarlántökur til loka júní-mánaðar 1990 næmu 6.280 milljónum króna, þar af 1.190 milljónir króna í formi ríkisvixla, en þær urðu 13.635 milljónir króna eða 7.355 milljónum króna hærri. Af þessari fjárhæð eru 2.928 milljónir króna vegna yfirtöku viðskiptabanka á langtímalánum ríkissjóðs hjá Seðlabanka Íslands samkvæmt samkomulagi frá júnímánuði 1990. Þannig jukust nettó-lántökur um 4.427 milljónir króna. Erlendar lántökur urðu 1.852 milljónum króna lægri en áætlanir gerðu ráð fyrir. Áætlað var að afla erlendra lána að fjárhæð 2.370 milljónir króna en þau urðu aftur á móti 518 milljónir króna. Erlendar lántökur eru vegna veittra lána A-hluta ríkissjóðs til aðila utan A- og B-hluta ríkissjóðs. Sala spariskírteina varð 404 milljónum króna lægri en áætlað var. Gert var ráð fyrir að selja spariskírteini að fjárhæð 2.670 milljónir króna en sala þeirra varð 2.266 milljónir króna. Þá kom til uppgjör vegna Útvegsbanka Íslands í tengslum við sölu Útvegsbanka Íslands hf. sem greitt var með spariskírteinum að fjárhæð 928 milljónir króna. Önnur innlend fjáröflun nam 883 milljónum króna en gert var ráð fyrir að hún næmi 50 milljónum króna. Aukning á annarri innlendri lántöku er vegna lántöku ríkissjóðs hjá viðskipta- bönkum í tengslum við lækkun bindiskylduhlutfalls þeirra hjá Seðlabanka Íslands.

Í júnílok 1990 nam sala ríkisvixla umfram greidda vixla 6.112 milljónum króna, en áætlanir gerðu ráð fyrir 1.190 milljónum króna. Hefur því salan orðið 4.922 milljónum króna meiri en ráðgert var. Á árinu 1989 var sala ríkisvixla umfram greidda 1.807 milljónir króna og hefur því nettósala ríkisvixla rúmlega þrefaldast milli áranna.

Afborganir lána námu alls 5.393 milljónum króna, þar af voru 2.928 milljónir króna vegna skuldbreytinga lána hjá Seðlabanka Íslands. Að þeim frádregnum námu afborganir 2.465 milljónum króna. Áætlanir gerðu ráð fyrir að afborganir næmu 3.153 milljónum króna og hafa þær því orðið 688 milljónum króna lægri. Innlausnir spariskírteina urðu 461 milljón króna lægri en áformað var og afborganir erlendra lána 292 milljónir króna, en afborganir innlendra lána urðu 65 milljónum króna hærri en áætlanir gerðu ráð fyrir.

Veitt lán að frádregnum innheimtum afborgunum sýna frávik að fjárhæð 875

milljónir króna. Veitt lán urðu 605 milljónum króna hærrí en áætlanir gerðu ráð fyrir og má rekja hækkunina til þess að fjármála-ráðuneytið hefur nýtt það ákvæði 16. gr. lánsfjárlaga 1990 er heimilar ríkissjóði að taka lán og endurlána þau aðilum, sem tilgreindir eru í láns-fjárlögum, í stað þess að veita sjálfsskuldarábyrgðir. Innheimtar afborganir lána urðu 270 milljónum króna lægri en áætlað var.

Viðskiptareikningur sýnir útstreymi umfram innstreymi að fjárhæð 3.313 milljónir króna en áætlanir gerðu ráð fyrir að mismunurinn næmi 980 milljónum króna. Þannig er staða viðskiptareiknings 2.333 milljónum króna verri en ráðgert var. Meginskýringin er 928 milljóna króna uppgjör á Útvegsbanka Íslands og greiðslufrestur á virðisaukaskatti í tolli að fjárhæð 1.171 milljón króna.

Lána- og viðskiptareikningur tímabilið janúar - júní.

(Fjárhæðir m.kr.)	Reikningur		Áætlun		Frávik
	1990	1989	1990	Reikn/áætlun	
Lántökur til lengri tíma:					
Spariskírteini, sala	2.266,0	2.720,0	2.670,0		<404,0>
Spariskírt. v/Íslandsbanka	928,0	-	-		928,0
Önnur innlend fjáröflun		883,0	21,0	50,0	833,0
Uppgjör lána hjá Seðlab. Ísl.	2.928,0				2.928,0
Erlendar lántökur, nettó	<u>518,0</u>	<u>135,0</u>	<u>2.370,0</u>		<u><1.852,0></u>
Langtímalántökur samtals	7.523,0	2.876,0	5.090,0		2.433,0
Ríkisvixlar, nettó	<u>6.112,0</u>	<u>1.807,0</u>	<u>1.190,0</u>		<u>4.922,0</u>
Alls lántökur	<u>13.635,0</u>	<u>4.683,0</u>	<u>6.280,0</u>		<u>7.355,0</u>
Lánahreyfingar - útgreiðslur:					
Afborganir innlendra lána	835,0	580,0	770,0		65,0
Uppgjör lána hjá Seðlab. Ísl.	2.928,0	-	-		2.928,0
Innlausn spariskírteina		1.285,0	1.290,0	1.746,0	<461,0>
Afborganir erlendra lána	<u>345,0</u>	<u>620,0</u>	<u>637,0</u>		<u><292,0></u>
Afborganir samtals	5.393,0	2.490,0	3.153,0		2.240,0
Veitt lán	2.635,0	1.288,0	2.030,0		605,0
- Innheimtar afborganir	<1.439,0>	<1.048,0>	<1.709,0>		270,0
Hlutfjár- og stofnframlag	106,0	92,0	105,0		1,0
Hlutfjárssala		-	<162,0>		-
Viðskiptareikningur, nettó	<u>3.313,0</u>	<u>962,0</u>	<u>980,0</u>		<u>2.333,0</u>
Útgreiðslur samtals	<u>10.008,0</u>	<u>3.622,0</u>	<u>4.559,0</u>		<u>5.449,0</u>
Innborganir umfram útgreiðslur	<u>3.627,0</u>	<u>1.061,0</u>	<u>1.721,0</u>		<u>1.906,0</u>

Framkvæmd lánsfjárlaga A- og B-hluta ríkissjóðs, ásamt lántökum skv. 16. gr. lánsfjárlaga 1990.

Lánsfjárlög fyrir árið 1990 heimila fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs að taka lán á árinu 1990 að fjárhæð 9,0 milljarðar króna, því til viðbótar heimila fjáráukalög nr. 72/1990 viðbótarlántökur að fjárhæð 850 milljónir króna. Þannig nema heildarlántökuheimildir ríkissjóðs fyrir árið 1990 tæpum 9,9 milljörðum króna, þar af var gert ráð fyrir að afla erlendis 2,4 milljarða króna.

Í júnílok 1990 námu lántökur alls 9.208 milljónum króna þegar frádregin hefur verið skuldbreyting á lánum hjá Seðlabanka Íslands, uppgjör vegna Útvegsbanka Íslands og endurlán til aðila utan A- og B-hluta ríkissjóðs að fjárhæð 571 milljón króna. Þannig skortir tæpar 600 milljónir króna á að heimildir til lántöku á árinu 1990 hafi verið fullnýttar. Af lántökum ársins eru tveir þriðju í formi ríkisvixla til skamms tíma en að þeim frádregnum skortir um 6,0 milljarða króna til að áætlanir um langtímalán á árinu 1990 standist.

Í 16. gr. lánsfjárlaga nr. 116/1989 segir m.a.:

"Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð eða taka lán að hluta eða öllu leyti í stað ríkisábyrgðar og endurlána þeim aðilum sem nefndir eru í 3. - 15. gr. með þeim kjörum sem og skilmálum sem fjármálaráðherra ákveður."

Í júlílok 1990 hafði fjármálaráðherra nýtt þessa heimild fyrir sjö aðila og námu veitt lán alls 571 milljón króna sem ríkissjóður fjármagnaði með erlendum lántökum að meginhluta til.

Lántökur A- og B-hluta ríkissjóðs, sveitarfélaga o.fl. til júníloka 1990.

(Fjárh. í m.kr.)	Reynd	Lánsfjárl.	Frávik
Ríkissjóður, A-hluti, verðbréf	1.269,0	7.475,0	<6.206,0>
Ríkissjóður, A-hluti, ríkisvixlar	6.112,0	-	6.112,0
B-hluta fyrirtæki og sjóðir	1.973,0	2.350,0	<377,0>
Aðrir aðilar skv. 3. - 15. gr.	<u>571,0</u>	<u>571,0</u>	<u>0</u>
Samtals	<u>9.925,0</u>	<u>10.396,0</u>	<u><471,0></u>

Horfur á afkomu A-hluta ríkissjóðs á árinu 1990.

Ríkisendurskoðun hefur lagt mat á afkomuhorfur A-hluta ríkissjóðs í árslok 1990. Við það mat var m.a. stuðst við niðurstöður greiðsluafkomu A-hluta ríkissjóðs í júnímánuði sl. Þá liggja nú fyrir upplýsingar um álagningu beinna skatta á árinu 1989. Niðurstöður Ríkisendurskoðunar eru þær, að ef ekki komi til nýrra ákvarðana af hálfu ríkisstjórnarinnar og/eða Alþingis, sem áhrif hafa á ríkisfjármálin það sem eftir er ársins og ef spár um verðlags- og launaþróun haldast innan viðmiðunarmarka kjarasamninga, muni rekstrarhallinn verða um 5,4 milljarðar króna. Það er um 700 milljóna króna hærrí ríkishalli en gert var ráð fyrir í fjárlögum 1990, að teknu tillit til fjárukalaga og ráðstafana ríkisstjórnarinnar frá því í júlímánuði sl. Frávik frá fjárlögum ársins 1990, að teknu tilliti til fjárukalaga nr. 72/1990, ásamt ráðstöfunum ríkisstjórnarinnar frá því í júlímánuði sl., er tvíþætt. Annars vegar er áætlað að tekjur verði um 92,5 milljarðar króna í árslok sem er hækkun um 3,6 milljarða króna eða 4,1%. Hins vegar eru heildargjöld áætluð tæplega 97,9 milljarðar króna í árslok sem er hækkun um 4,4 milljarða króna eða 4,7%. Breytingar á lána- og viðskiptareikningum sýna að nettóúttreymi fjár úr ríkissjóði hefur aukist um tæpar 100 milljónir króna. Að öllu þessu samanlögðu er gert ráð fyrir að í árslok verði greiðslustaða A-hluta ríkissjóðs um 800 milljónum króna verri.

Helstu breytingar á áætluðum innheimtum tekjum A-hluta ríkissjóðs á árinu 1990 eru:

- *Í fyrsta lagi hækkun nettóinnheimtra beinna skatta um 1,6 milljarða króna.
- *Í öðru lagi hækkar innheimta virðisaukaskatts um tæpar 600 milljónir króna.
- *Í þriðja lagi aukast tekjur af sköttum af launagreiðslum um 600 milljónir króna.
- *Í fjórða lagi hækka gjöld af innflutningi um 500 milljónir króna og er meginhluti hækkunarinnar vegna jöfnunargjalds.
- *Í fimmta lagi er gert ráð fyrir að innheimta vaxtatekna verði um 400 milljónir króna umfram áætlanir.

Hækkun á áætluðum greiddum gjöldum A-hluta ríkissjóðs má rekja til eftirfarandi atriða:

- *Í fyrsta lagi framlaga til Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins að fjárhæð 1,6 milljarðar króna. Skv. lögum nr. 39/1990 er kveðið á um að ríkissjóður yfirtaki skuldir sjóðsins hjá Seðlabanka Íslands miðað við 1. júlí 1990.
- *Í öðru lagi framlaga til vegamála að fjárhæð rúmlega 400 milljónir króna.

*Í þriðja lagi vegna gjaldfallinna lána vegna uppbóta á útfluttar landbúnaðarvörur frá árinu 1988 að fjárhæð 550 milljónir króna.

*Í fjórða lagi framlaga til lífeyris- og sjúkratrygginga að fjárhæð 900 milljónir króna, þar af 300 milljónir króna vegna greiðslu á sjóðsskuld við vörslusjóði hjá Tryggingastofnun ríkisins, 450 milljónir króna vegna lyfjakostnaðar og 150 milljónir króna vegna uppgjors á skuldum við sjúkrasamlög vegna verkaskipt-ingar ríkis og sveitarfélaga.

*Í fimmta lagi er gert ráð fyrir útgjaldaaukningu um 900 milljónir króna sem rekja má m.a. til útgjalda vegna óbreytts rekstrarumfangs sem ekki var gert ráð fyrir í fjárlögum, halla sjúkrahúsa o.fl.

Áætlað er að útgreiðslur lánahreyfinga hækki um 1,0 milljarð króna og eru meginskýringar þessar:

*Í fyrsta lagi 50 milljónir króna vegna innlausnar á skyldu- sparnaði frá árunum 1975 og 1976 með lokagjalddaga í desember 1990.

*Í öðru lagi 20 milljónir króna vegna framlaga til hlutafjár- og stofnframlaga.

*Í þriðja lagi 1,0 milljarður króna vegna veittra lána til aðila utan A- og B-hluta ríkissjóðs.

Framangreindar útgreiðslur á lánahreyfingum munu aðeins auka greiðsluhalla A-hluta ríkissjóðs um 70 milljónir króna. Lántökuheimildir eru fyrir hendi vegna veittra lána til aðila utan A- og B-hluta ríkissjóðs og gert er ráð fyrir að Atvinnuleysistryggingasjóður afhendi skuldabréf á móti greiðslum.

Afkomuhorfur A-hluta ríkissjóðs í árslok 1990.

(Fjárh. í m.kr.)	Fjárlög með breyt. 1990	Ríkisend. áætlun	Frávik í kr.	Frávik í %
Tekjur	88.845	92.500	3.655	4,1
Gjöld	<u>93.479</u>	<u>97.850</u>	<u>4.371</u>	<u>4,7</u>
Gjöld umfram tekjur	4.634	5.350	<716>	15,5
Lánahreyfingar, útgreiðslur	<u>5.290</u>	<u>6.360</u>	<u><1.070></u>	<u>20,2</u>
Fjárförf	9.924	11.710	<1.786>	18,0
Lántökur	<u>9.845</u>	<u>10.845</u>	<u>1.000</u>	<u>10,1</u>
Greiðsluafkoma (neikvæð)	<u><79></u>	<u><865></u>	<u><786></u>	=

Launakostnaður A-hluta ríkissjóðs fyrri hluta ársins 1990.

Ríkisendurskoðun gerði sérstaka athugun á þróun launakostnaðar fyrri hluta áráanna 1989 og 1990 hjá þeim A-hluta stofnunum ríkisins, sem Launaskrifstofa ríkisins annast afgreiðslu á. Aflað var upplýsinga frá Launaskrifstofu um fjölda greiddra mánaðarlauna, greidda dagvinnu og fjölda yfirvinnustunda. Þessar upplýsingar voru umreiknaðar í stöðugildi.

Fyrri hluta ársins 1990 var heildarfjöldi stöðugilda að meðaltali 15.241, en var 14.840 að meðaltali fyrstu sex mánuði ársins 1989. Fjölgunin nemur 401 stöðugildi eða 2,7%. Til samanburðar fjölgaði stöðugildum um 131 milli fyrri hluta áráanna 1988 og 1989 eða 0,9%. Fjöldi mánaðarlauna- og dagvinnufólks svaraði að meðaltali til 12.418 stöðugilda árið 1989 en 12.726 stöðugilda árið eftir. Eftirfarandi tafla sýnir skiptingu stöðugilda eftir uppruna fyrri hluta áráanna 1989 og 1990.

Stöðugildi	Jan. - 1990	júní 1989 í stg.	Breyt. í %.	
Mánaðarlaun	12.262	11.933	329	2,8
Dagvinnulaun	464	485	- 21	- 4,2
Yfirvinna	2.515	2.422	93	3,8
Samtals	15.241	14.840	401	

2,7

Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1990 var gert ráð fyrir um 160 nýjum stöðum hjá A-hluta stofnunum ríkissjóð, en í meðförum Alþingis bættust við 52 stöðugildi. Að auki bættust við starfsmenn vegna gildistöku laga nr. 87/1989 um breytingu á lögum um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og er áætlað að fjöldi þeirra hafi numið um 250 stöðugildum. Loks var sú breyting gerð í fjárlögum fyrir árið 1990 að ungingaheimili ríkisins var flutt frá B-hluta til A-hluta ríkissjóðs og sett var á stofn meðferðarheimili fyrir unga fíkniefnaneytendur. Þær breytingar leiddu til fjölgunar starfsmanna um 28 stöðugildi. Alls má því gera ráð fyrir að í fjárlögum ársins 1990 hafi beint og óbeint verið gert ráð fyrir að fjölga starfsmönnum A-hluta stofnana ríkisins um 490 stöðugildi.

Raunveruleg fjölgun mánaðar- og dagvinnulaunafólks svaraði hins vegar til

308 stöðugilda, eða um 182 stöðugildum færri en áformað var í fjárlögum.

Ef að auki er gert ráð fyrir að nýir starfsmenn vinni hlutfallslega jafnmikla yfirvinnu og þeir er fyrir voru, má áætla að sú yfirvinnuaukning svari til 114 stöðugilda. Inn í þeirri aukningu er meðtalin sú aukning á kennslumagni, sem áætlað var að myndi leiða af fjölgun nemenda á grunnskólastigi.

Raunveruleg aukning yfirvinnu svaraði til 93 stöðugilda, sem er 21 stöðugildi minni aukning en gera hefði mátt ráð fyrir.

Samtals má áætla að í fjárlögum ársins 1990 hafi verið áætlað að aukning greiddra vinnustunda hjá A-hluta ríkisins hafi numið um 604 stöðugildum.

Athugun Ríkisendurskoðunar gefur til kynna að sú fjölgun starfsmanna A-hluta ríkisins, sem varð á fyrri hluta ársins 1990, hafi öll verið innan þess ramma sem fjárlög mörkuðu. Því virðist sem tekist hafi að setja fyrir þá sjálfvirku úþpenslu á starfsmannahaldi ríkisins, sem hefur blasað við í öll þau önnur skipti, sem Ríkisendurskoðun hefur gert athuganir á breytingum á fjölda starfsmanna ríkisins.

Fjöldi yfirvinnustunda sem hlutfall af mánaðar- og dagvinnulaunum var að meðaltali 19,8% hjá A-hluta stofnunum ríkisins fyrri hluta ársins 1990 og hafði hækkað um 0,3% frá sama tímabili ársins á undan. Hlutfall þetta var lægst hjá stofnunum æðstu stjórnar ríkisins, viðskiptaráðuneytis og Hagstofu Íslands, eða um 15%. Hjá stofnunum innan samgönguráðu-neytis, utanríkisráðuneytis, dóms- og kirkjumálaráðuneytis og iðnaðarráðuneytis var hlutfallið á bilinu 26-32%.

Heildarlaunagreiðslur sem Launaskrifstofa ríkisins annaðist fyrri hluta ársins 1990 námu 10.716 milljónum króna, en námu 9.001 milljón króna fyrstu sex mánuði ársins 1989. Hækkun nemur 1.715 milljónum króna eða 19% og svarar til 5,4% raunhækkunar milli ára, miðað við launavísi-tölu. Sú hlutfallshækkun er nánast hin sama og var milli fyrri hluta árána 1987 og 1988, en frá fyrri hluta ársins 1988 til sama tímabils árið eftir hækkuðu launagjöld um 1,1% að raungildi.

Í fjárlögum fyrir árið 1990 var gert ráð fyrir að 3% raunaukningu launagjalda frá árinu á undan og var sú aukning rökstudd með þeim tilflutningi á verkefnum, sem breytingar á lögum um verkaskiptinu ríkis og sveitarfélaga höfðu í för með sér. Miðað var við að launagjöld héldust óbreytt að raungildi að öðru leyti.

Fyrstu sex mánuði ársins 1990 hækkuðu laun hins vegar um 5,4% að raungildi frá fyrri hluta ársins 1989. Um helming þeirrar hækkunar má skýra með fjölgun starfsfólks A-hluta stofnana ríkisins. Skýringar á hinum helmingi hækkunarinnar eru einkum eftirfarandi:

*Hækkun launa vegna ákvæða í kjarasamningum sumra stéttarféлага innan BSRB og BHMR.

*Aldursþrepahækkunir starfsfólks innan hvers launaflokks.

*Hækkun launatengdra gjalda vegna framlaga í starfsmenntunarsjóði BSRB-félaga og rannsóknasjóði BHMR-félaga.

Að mati Ríkisendurskoðunar er líklegt að raunhækkun launagjalda milli ára 1989 og 1990 eigi eftir að verða hærri þegar litið er til áraanna í heild, en þegar borin eru saman gjöld fyrri hluta hvors árs, þar eð í fjárlögum er gert ráð fyrir að að fjölgun starfsfólks milli þessara ára verði um 180 stöðugildum meiri en þegar er komin fram. Því gæti raunhækkun launagjalda numið allt að 6,5% þegar árin 1989 og 1990 verða borin saman í heild sinni ef til kæmi að ráðið væri í allar stöður sem heimildir eru fyrir.

Hér á eftir er gerð grein fyrir helstu breytingum á fjölda stöðugilda hjá A-hluta ríkissjóðs.

Menntamálaráðuneyti:

Fjölgun mánaðar- og dagvinnulaunafólks svarar til 118 stöðugilda, eða sem svarar til 2,4%. Til samanburðar var fjölgunin milli fyrri hluta árána 1988 og 1989 188 stöðugildi, eða 4,0%.

Störfum hjá fjölbrautar- og iðnskólum fjölgaði um 110 vegna breytingarinnar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Hins vegar fækkaði störfum um 52 við tilflutning verkefna frá grunnskólum til fræðsluskrifstofa. Þá fækkaði störfum í héraðs- og menntaskólum um fjögur stöðugildi og starfsfólki í sérskólum um sex stöðugildi.

Störfum við kennslu á háskólastigi fjölgaði um 38 stöðugildi, þar af um sjö hjá Háskólanum á Akureyri og um fjögur hjá Kennaraháskóla Íslands.

Loks fjölgaði störfum um 28 stöðugildi við tilflutning á Unglingaheimili ríkisins frá B-hluta ríkisins í A-hluta og við stofnun meðferðarheimilis fyrir ungan fíkniefnaneytendur.

Yfirvinna óx um 5,7% og er aðalástæðan sex vikna langt verkfall kennara á fyrri hluta ársins 1989. Aukning kennslumagns vegna fjölgunar nemenda kemur einnig fyrst og fremst fram í aukinni yfirvinnu. Yfirvinna minnkaði um 2,0% milli fyrri hluta árána 1988 og 1989.

Dóms- og kirkjumálaráðuneyti:

Fjölgun mánaðar- og dagvinnulaunafólks svarar til 25,0 stöðugilda, eða sem nemur 1,8%. Frá fyrri hluta ársins 1988 til sama tímabils árið á eftir fækkaði mánaðar- og dagvinnufólki aftur á móti um 77 stöðugildi eða 5,3%.

Störfum hjá lögreglunni í Reykjavík fjölgaði um fimm stöðugildi og svipuð fjölgun var hjá embættum sýslumanna og bæjarfógeta á Akureyri, Keflavík og Hafnarfirði. Hjá embætti bæjarfógeta í Kópavogi fjölgaði um fjögur stöðugildi. Þá nam fjölgun starfa vegna héraðsdómstóla, sem eru nýr liður á fjárlögum, fjórum stöðugildum.

Yfirvinna óx um 4,1% en hafði minnkað um 9,8% milli fyrri hluta árána 1988 og 1989.

Félagsmálaráðuneyti:

Fjölgun mánaðar- og dagvinnulaunafólks svarar til 27 stöðugilda, eða sem nemur 4,6%. Samsvarandi fjölgun milli fyrri hluta áráanna 1988 og 1989 var 48 stöðugildi eða 9,1%.

Starfsfólki á heimili fyrir einhverf börn að Trönuhrauni fjölgaði um 11 stöðugildi. Fjölgun starfsfólks vegna málefna fatlaðra nam þremur stöðugildum og sama fjölgun varð hjá sambýlum Styrktarfélags vangefinna, Greiningar- og ráðgjafastöð ríkisins og Vinnueftirliti ríkisins.

Yfirvinna óx um 8,5% en hafði vaxið um 11,7% milli fyrri hluta áráanna 1988 og 1989.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti:

Fjölgun mánaðar- og dagvinnulaunafólks nam 129 stöðugildum eða sem svarar til 4,4%. Samsvarandi fjölgun milli fyrri hluta áráanna 1988 og 1989 var 93 stöðugildi eða 3,3%.

Stærstan hluta þessarar fjölgunar má rekja til breyttrar verkaskiptingar ríkis og sveitarfélaga. Nettófjölgun starfsfólks á heilsugæslustöðvum var 117 stöðugildi og starfsfólki Tryggingastofnunar ríkisins fjölgað um 21 stöðugildi.

Í fjárlögum var gert ráð fyrir að fjölga starfsfólki Ríkisspítala um 16 stöðugildi, en þess í stað fækkaði starfsfólki spítalanna um átta stöðugildi.

Yfirvinna óx um 6,4% en hafði minnkað um 19,7% milli fyrri hluta áráanna 1988 og 1989.

Fjármálaráðuneyti:

Fjölgun mánaðar- og dagvinnulaunafólks svarar til 17 stöðugilda eða sem svarar til 3,1%. Samsvarandi fjölgun milli fyrri hluta áráanna 1988 og 1989 var 14 stöðugildi eða 2,7%.

Starfsfólki hjá skattstofum fjölgaði um 27 stöðugildi en fækkaði um fimm stöðugildi hjá tollembættum.

Yfirvinna óx um 5,3% en hafði minnkað um 11,0% milli fyrri hluta áráanna 1988 og 1989.

Afkoma sjúkrastofnana á árinu 1989.

Samanlagður rekstrarhalli sjúkrastofnana árið 1989 nam 504 milljónum króna eða 3,3% af tekjum. Á árinu 1988 var rekstrarhallinn 596 milljónir króna eða 4,5% af tekjum, en 700 milljónir króna árið 1987 eða 6,9% af heildartekjum. Afkoma sjúkrastofnana hefur því batnað allt frá árinu 1987.

Heildartekjur sjúkrastofnana árið 1989 námu 15.266 milljónum króna og höfðu hækkað um 14,1% frá árinu á undan. Frá árinu 1987 til 1988 hækkuðu tekjur hins vegar um 32,3%.

Heildargjöld árið 1989 námu 15.770 milljónum króna en voru 13.978 milljónir króna árið á undan. Hækkunin nemur 12,8% en frá árinu 1987 til ársins 1988 hækkuðu heildargjöld um 29,2%.

Upplýsingar þessar eru byggðar á reikningsskilum 53 sjúkrastofnana fyrir árið 1989, en reikningsskil tveggja stofnana höfðu ekki borist. Er hér gert ráð fyrir að afkoma þeirra verði óbreytt frá árinu 1988 en tillit tekið til verðbreytinga á tímabilinu. Af þessum 55 sjúkrastofnunum fá 27 framlög beint af fjárlögum. Stofnanir, sem fá framlög samkvæmt daggjaldakerfi eru 28 talsins og eru heildargjöld þeirra 17,5% af samanlögðum gjöldum allra sjúkrastofnana. Níu stofnanir fluttust af daggjöldum yfir á föst fjárlög árið 1989

Breyting tekna og gjalda milli ára hjá öllum sjúkrastofnunum.

(Fjárh. í m.kr.)	1989	1988	Breyting %	
Tekjur	15.266	13.382	1.884	14,1
Gjöld	<u>15.770</u>	<u>13.978</u>	<u>1.792</u>	<u>12,8</u>
Halli	<u>504</u>	<u>596</u>	<u>-92</u>	<u>-15,4</u>

Breyting tekna og gjalda hjá sjúkrastofnunum á daggjöldum.

(Fjárh. í m.kr.)	1989	1988	Breyting %	
Tekjur	2.392	2.042	350	17,1
Gjöld	<u>2.753</u>	<u>2.367</u>	<u>386</u>	<u>16,3</u>

Halli 361 325 36 111

Þróun útgjalda sjúkrastofnana milli árana 1988 og 1989 sýnir að hjá þeim stofnunum sem fengu framlög samkvæmt daggjaldakerfinu hafa gjöld hækkað tiltölulega meira en hjá þeim sem fá framlög beint á fjárlögum. Á hinn bóginn hafa tekjur sjúkrastofnana á daggjöldum einnig hækkað hlutfallslega meira milli ára heldur en tekjur sjúkrastofnana á fastri fjárveitingu. Tekjuaukning sjúkrastofnana frá árinu 1989 til 1990 var umfram gjaldaaukningu, bæði er varðar daggjaldastofnanir og stofnanir sem eru á fastri fjárveitingu.

Á föstu verðlagi hafa heildargjöld allra stofnana lækkað um 0,9% sem svarar til um 136 milljóna króna. Gjöld daggjaldastofnana hækkuðu í raun um 2,2% en hjá þeim stofnunum, sem fá bein framlög, hefur orðið raunlækkun gjalda um 1,5%.

Breyting gjalda hjá sjúkrastofnunum milli ára á föstu verðlagi.

(Fjárh. í m.kr.)	1989	1988	Breyting %	
Stofnanir á fastri fjárv.	13.017	13.212	-195	-1,5
Daggjaldastofnanir	<u>2.753</u>	<u>2.694</u>	<u>59</u>	<u>2,2</u>
Samtals allar stofnanir	<u>15.770</u>	<u>15.906</u>	<u>-136</u>	<u>-0,9</u>

Samkvæmt upplýsingum frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðu- neytinu hefur fjölgun sjúkrarúma milli árana 1988 og 1989 numið 111 sjúkrarúmum. Fjölgun sjúkrarúma skiptist svo til að jöfnu, annars vegar vegna nýbygginga og svo hins vegar þar sem dvalarheimilisrýmum aldraðra var breytt í hjúkrunarrými.

Greina hefur mátt mismun á hækkun tilkostnaðar milli stofnana á daggjaldakerfinu annars vegar og þeim sem fá bein framlög hins vegar. Þær síðarnefndu hafa mætt auknum kostnaði m.a. með því að draga úr þjónustu með lokun legudeilda innan ársins. Þannig hefur verið hægt að halda aftur af heildaraukningu útgjaldaþátta. Stofnanir á daggjalda-kerfinu geta hins vegar ekki fækkað legudögum án þess að tekjur þeirra lækki um leið. Einnig má segja að uppgjörsmáti á halla hvers árs með greiðslu svonefndra halladaggjalda sé beinlínis útgjaldahvetjandi kerfi og yti lítt undir sparnað í rekstri stofnana.

Samkvæmt reikningsskilum fyrir árið 1989 nema skammtímaskuldir umfram skammtímakröfur um 479 milljónum króna sem er heldur lægri fjárhæð en í árslok 1988 en þá voru þær 503 milljónir króna. Skammtímaskuldir sjúkrastofnana, sem fá framlög á fjárlögum, umfram skammtímakröfur námu í árslok 1989 341 milljón

króna og skammtímaskuldir stofnana, sem fjármagnaðar eru samkvæmt daggjaldakerfi, umfram skammtímakröfur námu í árslok 1989 138 milljónum króna.

Af þeim upplýsingum má ráða að greiðslustaða sjúkrastofnana hafi batnað talsvert milli ára 1988 og 1989.

STAÐA ÚTLÁNA OPINBERRA BANKA OG SJÓÐA.

Í árslok 1989 áttu ríkissjóður, ríkisviðskiptabankar og opinberir sjóðir útistandandi kröfur að fjárhæð 278.986 milljónir króna og framlag í afskriftareikning útlána nam 5.513 milljónum króna sama ár. Þetta kom fram í athugun Ríkisendurskoðunar á stöðu ríkissjóðs, opinberra banka og sjóða í árslok 1989. Athugunin náði til Ríkissjóðs Íslands, Ríkisábyrgðasjóðs, 14 sjóða og beggja ríkisviðskiptabankanna, en reikningsskil allra opinberra sjóða lágu ekki fyrir.

Eigið fé þessara sömu banka og sjóða nam samtals 44.897 milljónum króna í árslok 1989. Þá voru ábyrgðir utan efnahagsreiknings 7.136 milljónir króna og framlög í afskriftareikning ábyrgða námu 69 milljónum króna.

Samanlögð fjárhæð útlána viðskiptabankanna nam 90.632 milljónum króna og framlag þeirra í afskriftasjóð útlána nam 979 milljónum króna á árinu. Framlög í afskriftareikning útlána eru til að mæta þeirri áhættu og óvissu, sem er fylgjandi allri lánastarfsemi og til þess ætluð að mæta þeim útlánnum sem síðar kunna að tapast. Á undanförunum árum hefur nauðsyn framlaga í afskriftareikninga komið betur í ljós.

Útistandandi kröfur beggja byggingarsjóðanna námu 72.693 milljónum króna, eða rúmum fjórðungi af heildarkröfum ríkissjóðs, banka og sjóða. Framlag í afskriftareikning fyrir árið 1989 var hins vegar aðeins 10 milljónir króna.

Byggðastofnun og Framkvæmdasjóður Íslands höfðu í árslok 1989 veitt 212 milljónir króna lán til hlutafjárkaupa, en í afskriftasjóð voru samtals færðar 467 milljónir króna. Eigið fé Byggðastofnunar var 1.820 milljónir króna í árslok 1989 og eigið fé Framkvæmdasjóðs Íslands 416 milljóna krónur.

Í ársskýrslu Byggðastofnunar fyrir árið 1989 er hlutverk stofnunarinnar sagt vera tvíþætt, þ.e. að sinna umfangsmikilli lánastarfsemi og að vera þróunarstofnun. Tekið er fram að þótt svo lánakjör annarra fjárfestingarlánasjóða og banka séu síst verri en þau sem Byggðastofnun getur boðið telji lántakendur að Byggðastofnun horfi öðruvísi á mál með tilliti til áhættu af lánveitingum. Þær væntingar sem til stofnunarinnar eru gerðar séu þannig oft í mótsögn við hinn blákalda raunveruleika fjármálaheimsins sem hún starfar í.

Í endurskoðunarskýrslu með ársreikningi Framkvæmdasjóðs Íslands er tekið fram að forsvarsmenn sjóðsins hafi ákveðið að framlag í afskriftareikning útlána skuli miðast við það að á afskriftareikningi séu 5% af heildarútlánnum til annarra en fjárfestingalánasjóða, stofnana, ríkissjóðs og bæjar- og sveitarfélaga. Ennfremur var ákveðið að þessu skyldi náð á tveimur árum og var framlag í afskriftareikning árið 1989 því ákveðið 53,8 milljónir króna. Reikningurinn stóð í 81,5 milljón króna í árslok 1989 en það samsvarar 2,9% af heildarútlánnum sjóðsins.

Í árslok voru útistandandi kröfur Hagræðingar- og framkvæmda-deildar Fiskveiðasjóðs 207 milljónir króna. Eigið fé deildarinnar var aftur á móti neikvætt um 313 milljónir króna.

Eigið fé Framleiðnisjóðs landbúnaðarins var neikvætt um 69 milljónir króna í árslok 1989.

Af útistandandi kröfum Ríkisábyrgðasjóðs eru 802 milljónir króna vegna vanskila á lánum með ríkisábyrgð og 329 milljónir króna eru vegna vanskila lántakenda við Ríkissjóð Íslands. Þá eru 797 milljónir króna vegna ýmissa viðskiptamanna og verðbréfaeign sjóðsins nam 299 milljónum króna. Framlag í afskriftasjóð nam 178 milljónum króna. Í ársskýrslu Seðlabanka Íslands segir m.a. um Ríkisábyrgðasjóð að hann hafi árið 1989 orðið að leysa til sín kröfur að fjárhæð 410,6 milljónir króna sem sé um þriðjungi hærri fjárhæð en árið áður. Endurgreiðslur frá skuldurum hafi hins vegar aukist meira svo að nettógreiðslur úr sjóðnum vegna vanskila á lánum með ríkisábyrgð og lánum ríkissjóðs urðu 46,3 milljónir króna en voru 82,8 milljónir króna árið áður.

Á árinu 1989 voru lagðar 1.700 milljónir í afskriftasjóð óinnheimtra tekna hjá Ríkissjóði Íslands. Árið 1988 var í fyrsta sinn lagt mat á mögulega innheimtu ógreiddra ríkissjóðstekna og á því ári var framlag í afskriftasjóð 1.200 milljónir króna. Hér er um að ræða þinggjöld félaga og einstaklinga, söluskatt, vörugjald og launaskatt, ásamt staðgreiðslusköttum. Heildareftirstöðvar fyrrgreindra tekna námu í árslok 1989 9.737 milljónum króna án reiknaðra vaxta.

Ábyrgðir utan efnahagsreiknings Framkvæmdasjóðs Íslands námu 546 milljónum króna. Þar af voru 346 milljónir króna vegna fiskeldis.

Allar ábyrgðir utan efnahagsreiknings Fiskveiðasjóðs Íslands eru vegna fiskeldisstöðva.

Ábyrgðum utan efnahagsreiknings Iðnlánasjóðs má skipta í tvennt. Annars vegar 344 milljónir króna vegna viðskiptamanna og hins vegar 171 milljón króna, sem er ábyrgðarrammi tryggingardeildar útflutningslána. Tjón hjá tryggingadeild útflutningslána nam 6 milljónum króna og er hér talið til framlaga í afskriftasjóð.

Í reikningum hvorugs viðskiptabankanna eru tiltekin framlög vegna afskrifta ábyrgða.

Tryggingasjóður fiskeldis var lagður niður á árinu 1990 og var 1989 því síðasta heila árið sem hann var starfræktur. Eigið fé sjóðsins var neikvætt um 27

milljónir króna í árslok 1989.

Um nánari skiptingu útlána og færðra afskrifta vísast til fskj. 10 og 11.

RÍKISSJÓÐUR, RÍKISVIÐSKIPTABANKAR OG OPINBERIR SJÓÐIR. ÚTLÁN Í ÁRSLOK 1989.

(Fjárh. í m.kr.)	Útlán 31.12. 1989	Framlag í afskr. reikn.	Framlag í %	Eigið fé 31.12. 1989
Byggingarsjóðir:				
Byggingarsj. ríkisins	57.038	10	-	15.540
Byggingarsj. verkam.	<u>15.655</u>	<u>0</u>	-	<u>6.957</u>
Samtals	<u>72.693</u>	<u>10</u>	=	<u>22.497</u>
Byggðastofnun:				
Atvinnutr.sj. útlán	5.570	284	5,0	831
Byggðastofnun, útlán	8.927	250	2,8	
Byggðastofnun, hlutafé	111	57	51,4	1.820
Hlutafjárjóður	<u>701</u>	<u>0</u>	-	<u>35</u>
Samtals	<u>15.309</u>	<u>591</u>	<u>3,8</u>	<u>2.686</u>
Framkvæmdasjóður:				
Framkv.sj., útlán	28.105	54	-	
Framkv.sj., hlutafé	<u>101</u>	<u>410</u>	<u>305,9</u>	<u>416</u>
Samtals	<u>28.206</u>	<u>464</u>	<u>1,6</u>	<u>416</u>
Sjávarútvegur:				
Fiskveiðasjóður	21.380	255	1,2	3.473
Fiskv.sj., hagræðingad.	<u>207</u>	<u>0</u>	-	<u>-313</u>
Samtals	<u>21.587</u>	<u>255</u>	<u>1,2</u>	<u>3.160</u>
Landbúnaður og fiskeldi:				
Framleiðnisj. landbún.	127	41	32,3	-69
Stofnlánadeild landbún.	<u>6.960</u>	<u>276</u>	<u>4,0</u>	<u>1.436</u>
Samtals	<u>7.087</u>	<u>317</u>	<u>4,5</u>	<u>1.367</u>
Iðnaður:				
Iðnlánasjóður	8.757	121	1,4	2.391
Iðnþróunarsjóður	<u>4.588</u>	<u>155</u>	<u>3,4</u>	<u>2.364</u>
Samtals	<u>13.345</u>	<u>276</u>	<u>2,1</u>	<u>4.755</u>
Annað:				
Ferðamálasjóður	821	1	-	176
Lánasj. ísl. námsmanna	<u>17.342</u>	<u>742</u>	<u>4,3</u>	<u>11.547</u>
Samtals	<u>18.163</u>	<u>743</u>	<u>4,1</u>	<u>11.723</u>

Bankar:					
Búnaðarbanki Íslands	24.091	118		0,5	2.417
Landsbanki Íslands	<u>66.541</u>	<u>861</u>		<u>1,3</u>	<u>5.032</u>
Samtals	<u>90.632</u>	<u>979</u>		<u>1,1</u>	<u>7.449</u>
Ríkissjóður:					
Ríkisábyrgðasjóður	2.227	178			8,0
Ríkissjóður Íslands	<u>9.737</u>	<u>1.700</u>			<u>17,5</u>
Samtals	<u>11.964</u>	<u>1.878</u>		<u>15,7</u>	
Ríkissjóður, bankar og sjóðir alls	<u>278.986</u>	<u>5.513</u>		<u>2,0</u>	<u>44.897</u>

**RÍKISSJÓÐUR, RÍKISVIÐSKIPTABANKAR OG OPINBERIR SJÓÐIR.
ÁBYRGÐIR UTAN EFNAHAGS Í ÁRSLOK 1989.**

(Fjárh. í m.kr.)	Ábyrgðir 31.12. 1989	Framlag í afskriftar reikn.	Framlag í %
Sjóðir:			
Framkvæmdasjóður	546	33	6,0
Fiskveiðasjóður	204	0	-
Iðnlánasjóður	515	6	1,2
Iðnþróunarsjóður	41	0	-
Tryggingasj. fiskeldis	<u>294</u>	<u>30</u>	<u>10,2</u>
Samtals	<u>1.600</u>	<u>69</u>	<u>4,3</u>
Bankar:			
Búnaðarbanki Íslands	1.466	0	-
Landsbanki Íslands	<u>4.070</u>	0	=
Samtals	<u>5.536</u>	<u>0</u>	=
Bankar og sjóðir alls	<u>7.136</u>	<u>69</u>	<u>1,0</u>